



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistölfraði

2. árg. 9. tölublað. September 2008.

EFNI:

Slys árið 2007 **bls. 1**

Mun fleiri fá lyfja-meðferð við ADHD hér á landi en á hinum Norður-löndunum **bls. 2**

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir
Matthías Halldórsson
Svanhildur Þorsteinsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐISVIÐ

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

SLYS ÁRIÐ 2007

Í júlí síðastliðnum var gefið út yfirlit yfir slys sem skráð voru í Slysaskrá Íslands (SÍ) árið 2007. Heildarfjöldi skráðra slysa var tæp 39 þúsund, sem er talsvert meira en árið 2006. Munaði þar mest um skráningu Ríkislögreglustjóraembættisins sem hóf skráningu að fullu í byrjun árs 2007. Þar sem skráningaraðilum fjölgar stöðugt ber að varast beinan samanburð á tölfræði milli ára.

Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu voru flest slysin umferðarslys eða heima- og frítímaslys. Þess ber að geta að meðtalin eru atvik þar sem ekki urðu slys á fólki heldur einvörðungu eignatjón. Þegar aðeins er litið til fjölda slasaðra einstaklinga (mynd 1) má sjá að flestir slasast í heima- og frítímaslysum (12.228) og næstflestar í vinnuslysum (7.283). Í báðum tilvikum eru fleiri slasaðir karlar en konur.


Auk reglubundins ársyfirlits yfir slys veitir skráin möguleika á að kanna einstaka slysflokka nánar með sértækum úrvinnslum. Má þar sem dæmi nefna [skýrslu um slys á öldruðum](#) sem unnin

Fjöldi slysa eftir tegund, 2007

Tegund slyss	Fjöldi	%
Umferðarslys	12.841	33,0%
Vinnuslys	7.297	18,8%
Heima- og frítímaslys	12.261	31,5%
Flugslys	1	0,0%
Sjóslys	96	0,2%
Íþróttaslys	2.868	7,4%
Skólaslys	1.834	4,7%
Önnur slys	1.703	4,4%
Samtals	38.901	100,0%

Ath. Taflan sýnir einnig atvik þar sem ekki hafa orðið slys á fólki (þ.e. einnig eignatjón).

var árið 2005 úr tölum SÍ og slyshadeildar Landspítalans. Nú er unnið að sams konar rannsókn á heima- og frítímaslysum barna og er niðurstaðna að vænta fyrir árslok.



Á árinu 2007
slösuðust flestir í
umferðarslysum
eða heima- og
frítímaslysum.

Þekjun Slysskrár

Hafa ber í huga að í Slysskrá Íslands eru enn sem komið er ekki skráð öll slys sem verða á landinu. Frá upphafi skráningar, árið 2001, hefur skráningaraðilum fjölgað stöðugt, sérstaklega innan heilbrigðiskerfisins. Enn vantar þó nokkrar heilsgæslustöðvar inn í skrána auk sjúkrahúsa og tryggingafélaga.

Samkvæmt lögum nr. 41/2007 um landlækni er heilbrigðisstofnunum skylt að skrá í SÍ (sjá nánar [2. tbl Talnabrunns 2008](#)). Skráning aðila utan heilbrigðiskerfisins lýtur samkomulagi hverju sinni.

Að svo stöddu er ekki hægt að fullyrða um nákvæman heildarfjölda slysa á Íslandi, en Slysskrá Íslands gefur hins vegar góðar vísbendingar um umfang slysa. Þegar að því

kemur að SÍ nær til landsins alls mun hún verða besta heimildin um umfang slysa á Íslandi. Skrá sem þessi er í raun einstæð í heiminum þótt til séu ýmsar erlendar skrár sem hafa að geyma tölur um slys. Þær ná hins vegar í flestum tilvikum aðeins yfir ákveðna tegund slysa eða ákveðin sjúkrahús og þar með afmörkuð landssvæði.

Markmiðið með SÍ er að veita yfirlit yfir öll slys á landsvísi, stór sem smá. Slysin sem þar eru skráð eru sótt í gagnagrunna margra og ólíkra aðila og skráning þeirra samþætt í einni skrá. Það er því nokkuð snúið og tímafrekt að ná heildarþekjun.

Sjá nánar: [Tölur úr Slysskrá Íslands](#)

Svanhildur Þorsteinsdóttir

MUN FLEIRI FÁ LYFJAMEÐFERÐ VIÐ ADHD HÉR Á LANDI EN Á HINUM NORÐURLÖNDUNUM


Notkun ADHD-lyfja
hér á landi
er svipuð eða
heldur minni en í
Bandaríkjunum.

ADHD félagið á Íslandi hélt mjög fjölsóttá ráðstefnu þann 25. og 26. september síðastliðinn. Meðal fyrirlesara var Thomas E. Brown, sálfræðingur við Yale-háskóla, en hann lagði mikla áherslu á gildi lyfjameðferðar við ADHD.

Mun fleiri einstaklingar hér á landi fá meðferð við þessari röskun en gerist á hinum Norðurlöndunum. Þetta á við um fólk á öllum aldri eins og sést á mynd 1, en hún sýnir einnig aldursskiptingu þeirra sem nota lyf við ADHD á Norðurlöndum.

Notkun ADHD-lyfja hér á landi er svipuð eða heldur minni en í Bandaríkjunum. Eins og fram kemur á mynd 2 (bls. 3) fjölgaði börnum hér á landi sem fengu slíka lyfjameðferð jafnt og þétt til ársins 2004, en þá hægði mjög á aukningunni og hefur fjöldi barna á lyfjameðferð haldist svipaður milli ára frá þeim tíma. Lyfjameðferð við ADHD hefur aukist alls staðar á Vesturlöndum, þar á meðal á Norðurlöndum, og má vera að Íslendingar séu á undan í þróun meðferðar við þessari röskun miðað við hin Norðurlöndin.

Fjöldi þeirra sem fengið hafa a. m. k. einn lyfseðil við ADHD miðað við 1000 íbúa eftir aldri árið 2007



Mynd 1

Fram kom í fyrirlestri dr. Brown að það er þó ekki heildar-notkunin sem máli skiptir heldur að greining sé gerð á réttan hátt og að réttur einstaklingur fái rétt lyf í réttum skömmtum í hæfilegan tíma.

Framh. bls. 3


Landlæknisembættið hefur gefið út [verklagsreglur um greiningu og meðferð ADHD](#) hér á landi og kom það rit út í desember sl. Þar er lögð sérstök áhersla á vönduð vinnubrögð við greiningu.

Rétt þótti að athuga hvaða lækningar hæfu lyfjameðferð barna við þessari röskun. Reyndust það vera barnalækningar – oftast með viðeigandi sérgrein eða reynslu – eða barnageðlækningar sem hefja lyfjameðferð í yfir 90% tilvika. Í aðeins 2–3% tilvika hefja heimilislækningar meðferðina.


Einkenni ADHD geta haldið áfram fram á fullorðinsár, eða í allt að 50% tilvika. Kynjahlutföll breytast jafnframt. Um það bil þrisvar sinnum algengara er að drengir fái lyfjameðferð en stúlkur, en á fullorðinsárum eru kynjahlutföllin jafnari og lyfjanotkun er jafnvel heldur algengari í hópi miðaldra kvenna en karla (mynd 3). Ekkert lát er á aukningu lyfjameðferðar fullorðinna við ADHD (mynd 4), öfugt við það sem á við um börn.

Matthías Halldórsson


Um það bil þrisvar sinnum algengara er að drengir fái lyfjameðferð við ADHD en stúlkur.



Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4